



RANNSÓKNARSTÖÐ HJARTAVERNDAR

Holtasmára 1 201 Kópavogur • Sími 535 1800 • FAX 535 1801

Alþingi  
Erindi nr. P /39/693

komudagur 6.12.2010

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi 3. desember 2010

**Umsögn Hjartaverndar um mál 190; frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu.**

Hjartavernd þakkar tækifærið til að veita umsögn um ofangreint lagafrumvarp. Sameining þessara tveggja stofnana undir stjórn landlæknis er mikilvæg þar sem líklegt er að hið nýja embætti verði betur í stakk búið til að takast á við lýðheilsuvandamál í framtíðinni.

17. gr. Hjartavernd telur að flutningur dánarmeinaskrár frá Hagstofunni til nýs embættis landlæknis og lýðheilsu geti orðið farsæl þróun. Hagstofan hefur staðið mjög vel að allri vinnu við dánarmeinaskrána. Þar hefur skapast mikilvæg sérþekking og hæfni. Afar mikilvægt er að tryggja að öll sú sérþekking flytjist strax til nýs umsjónaraðila. Dánarmeinaskráin er einn af grundvallarþáttum sem nauðsynlegir eru til þess að unnt sé að skilja þróun sjúkdóma á Íslandi og því forsenda markvissra viðbragða og stefnumótunar við hvers kyns váum. Nauðsynlegt er því að faglega sé staðið að vinnu við skrána í hvívetna og því brýnt að það sé tekið fram í lögunum eða skýringum með þeim að svo skuli vera.

Virðingarfyllst

Vilmundur Guðnason forstöðulæknir